

Reykjavík, 2. desember 2019

Gagnatöflur váttryggingafélaga - þriðji ársfjórðungur 2019

Inngangur

Fjármálaeftirlitið hefur birt gagnatöflur váttryggingafélaga á samandregnu formi fyrir þriðja ársfjórðung 2019. Hér að neðan er að finna samantekt á þróun helstu stærða úr rekstri skaðatryggingafélaga og líftryggingafélaga við lok þriðja ársfjórðungs 2019.

Skaðatryggingafélög – þriðji ársfjórðungur 2019


Rekstarafkoma í skaðatryggingastarfsemi á fyrstu 9 mánuðum ársins var jákvæð um rúmar 177 m. kr. en rekstrarafkoma var neikvæð um 945 m. kr. á sama tíma í fyrra.

Iðgjöld í eigin hlut námu 48,0 mö. kr. og jukust um 7% frá sama tímabili í fyrra. Tjón í eigin hlut námu 38,1 mö. kr. og hækkuðu um 4,3% yfir sama tímabil.

Samsett hlutfall skaðatrygginga í eigin hlut nam 99,9% við lok þriðja ársfjórðungs. Þrjár stærstu greinaflokkar skaðatryggingafélaga eru lögboðnar ökutækjatrýggingar, eignatryggingar og aðrar ökutækjatrýggingar. Samanlagt standa þessar greinar fyrir um 85% iðgjalda tímabilsins. Samsett hlutfall lögboðinna ökutækjatrýgginga var 107,3% en bæði eignatryggingar og aðrar ökutækjatrýggingar skiluðu samsettu hlutfalli undir 100%. Samsett hlutfall þeirra var annars vegar 87,7% og hins vegar 91%.

Heildareignir skaðatryggingafélaga námu 152,7 mö. kr. á fjórðungnum og hækkuðu um 14,5 ma. kr. frá sama tíma í fyrra. Þá hækkaði váttryggingaskuld, fyrir hlut endurtryggjenda, úr 81,2 í 87,9 ma. kr. á sama tímabili. Eignir umfram skuldbindingar á Solvency II efnahagsreikningi¹ voru 51,3 ma. kr. við lok fjórðungsins og jukust um 4,7 ma. kr. frá sama tíma í fyrra.


Fjárfestingareignir skaðatryggingafélaga námu 123,6 mö. kr. á þriðja ársfjórðungi ársins 2019. Frá áramótum var mest aukning í fyrirtækjaskuldabréfum og ríkisskuldabréfum sem jukust í hvorum flokki fyrir sig um 2,9 ma. kr.



Mynd 1: Samsetning fjárfestingareigna skaðatryggingafélaga eftir tegund.

Gjaldþolshlutfall (SCR %) skaðatryggingafélaga hefur hækkað um 10 prósentustig milli ára, úr 154% í 164%.

¹ Solvency II efnahagsreikningur byggir á uppgjörsaðferðum eigna og skuldbindinga í samræmi við kafla XIII. og XIV. í lögum nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi.



Mynd 2: Myndin hér er að ofan er s.k. kassarit (e. box plot) sem sýnir dreifingu gjaldþolshlutfalls. Gjaldþolshlutfall er hlutfall gjaldþols og gjaldþolskröfu (SCR) skv. lögum um váttryggingastarfsemi. Miðlína kassans tákna miðgildi gjaldþolshlutfalls, neðri mörk kassans tákna fyrstu fjórðungsmörk gjaldþolshlutfalls og efri mörk kassans tákna þriðju fjórðungsmörkin. Blái punkturinn í kassanum sýnir meðaltal gjaldþolshlutfalls.


Líftryggingafélög - þriðji ársfjórðungur 2019

Rekstrarafkoma í líftryggingastarfsemi nam 1.3 mö. kr. á fyrstu níu mánuðum yfirstandandi árs samanborið við 1.5 ma. kr. hagnað á sama tímabili í fyrra. Jákvæð rekstrarafkoma var í öllum greinum líftrygginga.

Iðgjöld í eigin hlut á fyrstu níu mánuðum ársins nam 3,9 mö. kr. og jukust um 6,0% milli ára. Tjón í eigin hlut námu 1,4 mö. kr. og jukust um 33,4% á sama tímabili. Þar vegur þungt aukin tjónakostnaður í heilsutryggingum sem jókst um 314 m. kr. milli ára.


Heildareignir samkvæmt Solvency II efnahagsreikningi námu 19,0 mö. kr. samanborið við 18,6 ma. kr. á sama tímabili í fyrra. Vátryggingaskuld líftryggingafélaga án söfnunartrygginga nam 4,9 mö. kr. en var 4,8 ma. kr. á sama tímabili í fyrra. Eignir umfram skuldbindingar á Solvency II efnahagsreikningi námu 6,0 mö. kr. samanborið við 6,2 ma. kr. árið á undan.

Fjárfestingareignir líftryggingafélaga námu 9,8 mö. kr. á öðrum ársfjórðungi 2019 samanborið við 9,9 ma. kr. á sama tímabili í fyrra. Frá áramótum hafa fyrirtækjaskuldabréf aukist um 760 m. kr. en dregið hefur úr vægi ríkisskuldabréfa og sjóða á sama tíma.



Mynd 3: Samsetning fjárfestingaeigna líftryggingafélaga eftir tegund. Fjárfestingar með fjárfestingaáhættu líftryggingataka eru undanskildar í yfirlitinu.

Gjaldþolshlutfall (SCR %) líftryggingafélaga lækkaði um 50 prósentustig milli ára, úr 297% í 247%.



Mynd 4: Myndin hér er að ofan er s.k. kassarit (e. box plot) sem sýnir dreifingu gjaldþolshlutfalls. Gjaldþolshlutfall er hlutfall gjaldþols og gjaldþolskröfu (SCR) skv. lögum um váttryggingastarfsemi. Miðlína kassans tákna miðgildi gjaldþolshlutfalls, neðri mörk kassans tákna fyrstu fjórðungsmörk gjaldþolshlutfalls og efri mörk kassans tákna þriðju fjórðungsmörkin. Blái punkturinn í kassanum sýnir meðaltal gjaldþolshlutfalls.